



Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir fyrri hluta ársins 2021 var samþykktur á fundi stjórnar í dag 27. ágúst 2021.

Helstu atriði

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2021 var 429 m.kr. á móti hagnaði á sama tímabili árið 2020 upp á 374 m.kr.

EBITDA hækkar um 17,2%, var á fyrri helmingi ársins 2021 1.541 m.kr. (38,2%) á móti 1.315 m.kr. (35,5%) á sama tímabili árið 2020.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 30. júní 2021 er 47,2% en var 47,3% á sama tíma 2020.

Veltufjárlutfall var 1,20 þann 30. júní 2021 samanborið við 1,47 í árslok 2020.

Hluthafar félagsins eru þrír:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	49,80%
Suðurnesjabær	0,10%

Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2021 nam 429 m.kr. á móti hagnaði fyrir sama tímabil árið 2020 upp á 374 m.kr. Þetta er aukning hagnaðar upp á 55 m.kr. sem skýrist af hærri tekjum og meiri almennum rekstrarhagnaði upp á 194 m.kr. þó á móti komi hækkun fjármagnsliða upp á 138 m.kr.

Tekjur hækkuðu um 9,2% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á fyrri hluta ársins 2021, 4.028 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 2.072 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.284 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 381 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 291 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir sama tímabil á árinu 2020 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 3.689 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 1.818 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.252 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 367 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 252 m.kr.

Kostnaðarverð sölu hækkaði um 6,5% á milli ára og nam 2.632 m.kr. fyrir fyrri hluta ársins 2021 (65,3% m.v. tekjur) á móti 2.470 m.kr. á sama tímabili 2020 (67% m.v. tekjur). Kaup á heitu og köldu vatni, raforku og rafokuflutningi hækka í heild um 46 m.kr. en rekstur megindeilda hækkar samtals um 86 m.kr. á milli ára.

Annar rekstrarkostnaður lækkar lítillega milli tímabila, var 386 m.kr. á fyrri helmingi 2021 og 402 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2020.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 528 m.kr. fyrir hluta ársins 2021 en voru neikvæð upp á 390 m.kr. á sama tímabili 2020, eða alls hækkun á milli ára um 138 m.kr. Fjármunatekjur lækka úr 51 m.kr. árið 2020 í 14 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2021, vaxtargjöld hækka úr 235 m.kr. í 236 m.kr. og verðbætur hækka úr 206 m.kr. í 305 m.kr.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 53 m.kr. fyrir fyrri hluta 2021 á móti 52 m.kr. gjaldfærslu fyrir sama tímabil 2020. Rétt er að benda á að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti en afkoma deildarinnar var jákvæð um 148 m.kr. en var jákvæð um 152 m.kr. á sama tímabili árið 2020.

EBITDA á fyrri helmingi ársins 2021 er 1.541 m.kr. (38,2%) á móti EBITDA 1.315 m.kr. (35,6%) fyrir sama tímabil árið 2020.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 30. júní 2021 bókfærðar á 30.503 m.kr. og lækkuðu um 89 m.kr. frá ársbyrjun og um 296 m.kr. frá sama tíma árið 2020. Fjárfestingar í fastafjármunum á fyrri hluta 2021 námu alls um 771 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 574 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 128 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 39 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 30 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: Fjárfestingar í fastafjármunum 827 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 628 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 97 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 49 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 53 m.kr. Fjárfestingar í óefnislegum eignum voru 12 m.kr. á móti 7 m.kr. árið áður og seldar eignir voru 1 m.kr. á móti 7 m.kr. árið áður.

Eigið fé HS Veitna hf nam 14.397 m.kr. þann 30. júní 2021 (eiginfjárlutfall 47,2%) en eigið fé í ársbyrjun var 14.466 m.kr. (eiginfjárlutfall 47,3%) og 14.276 m.kr. (46,6%) á sama tíma 2020.

Fjárhagsstaða félagsins þann 30. júní 2021 er sterk og horfur um rekstur þess góðar. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og áhersla lögð á að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Félagið hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 16 frá 1. janúar 2019. IFRS 16 kynnir heildstætt líkan sem felur í sér færslu leigusamninga í efnahagsreikning. Félagið, sem leigutaki, hefur fært til eignar nýtingarrétt sem endurspeglar rétt félagsins til notkunar eigna og á móti skuld vegna framtíðarleigugreiðslna.

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur án efa haft áhrif á viðskiptavinum HS Veitna hf eins og aðra landsmenn. Óljóst er hver áhrif faraldsins muni hafa á rekstur HS Veitna til langs tíma en á fyrri helming ársins hefur faraldurinn haft óveruleg áhrif. HS Veitur munu fylgjast vel með framvindu mála næstu misseri og grípa inn í ef þurfa þykir. Það er mat stjórnar og stjórnenda að HS Veitur hf séu vel í stakk búin til að takast á við krefjandi aðstæður sem tengjast COVID-19 hvort sem lítið er til þjónustu við viðskiptavinum og eða fjárhags og lausafjástöðu.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	01.01 - 30.06. 2021		01.01 - 30.06. 2020		Breyting milli ára
		%		%	
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	4.027.977	100,0%	3.688.575	100,0%	9,2%
Kostnaðarverð sölu	(2.631.942)	(65,3%)	(2.470.432)	(67,0%)	6,5%
Vergur hagnaður	1.396.035	34,7%	1.218.143	33,0%	14,6%
Annar rekstrarkostnaður	(386.317)	(9,6%)	(402.204)	(10,9%)	(3,9%)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	1.009.718	25,1%	815.939	20,3%	23,7%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(527.516)	(13,1%)	(390.029)	(10,6%)	35,3%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	482.202	12,0%	425.910	11,5%	13,2%
Tekjuskattur	(52.840)	(1,3%)	(52.373)	(1,4%)	0,9%
Hagnaður tímabilsins	429.362	10,7%	373.537	10,1%	14,9%
	30.6.2021		31.12.2020		
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	28.505.857	93,5%	28.265.104	92,4%	0,9%
Veltufjármunir	1.996.654	6,5%	2.326.806	7,6%	(14,2%)
Eignir samtals	30.502.511	100,0%	30.591.910	100,0%	(0,3%)
Eigið fé	14.396.953	47,2%	14.466.177	47,3%	(0,5%)
Langtímaskuldir	14.446.001	47,4%	14.544.091	47,5%	(0,7%)
Skammtímaskuldir	1.659.557	5,4%	1.581.643	5,2%	4,9%
Skuldir og eigið fé samtals	30.502.511	100,0%	30.591.911	100,0%	(0,3%)
Kennitölur					
EBITDA	1.540.683	38,2%	1.314.531	35,6%	17,2%
Veltufjárhlutfall	1,20		1,47		(18,2%)
Eiginfjárhlutfall	47,2%		47,3%		(0,2%)

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 860 5208.